

Stofnunarsamningur
Heilbrigðisstofnunar Norðurlands
og
Sálfræðingafélags Íslands

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til sálfræðinga hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- Að tryggja stofnuninni vel menntað og hæft starfsfólk í góðu framsæknu starfsumhverfi.
- Að launakerfið stuðli að því að stofnunin sé samkeppnishæf varðandi sálfræðinga og hafi alltaf á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem vinnur af einurð að verkefnum stofnunarinnar og býr við starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til starfsþróunar og að vaxa og dafna í starfi.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og skilvirkt, taki mið af þörfum, verkefnum og markmiðum.
- Að launakerfið feli í sér að tekið verið mið af frammistöðu og árangri við reglubundna endurskoðun launa.

3. Starfalýsingar og röðun

3.1. Almennar forsendur röðunar.

Samningur þessi nær til ákveðinna starfaflokka sem eru skilgreindir og grunnraðað til launa með eftirfarandi hætti. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem fagleg ábyrgð, stjórnun, sjálfstæði, fjárhagsleg ábyrgð) sem í starfinu felst auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunar. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna og/eða skipulagi stofnunar.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun Cand. Psych./MSc í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk (lfl.) sem hér segir:

- (1) Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur.
- (2) Meistaragráða (90 - 120 einingar) = 2 launaflokkar.
- (3) Doktorsgráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.

W ANF GT Jey
Aj GR PR

Grunnröðun Skýringar

- 11** Sálfræðingur 1: Sálfræðingur sem vinnur almenn sálfræðistörf, sálfræðimat, meðferð og ráðgjöf undir handleiðslu reyndari sálfræðings innan HSN.
- 12** Sálfræðingur 2: Sálfræðingur sem vinnur sjálfstætt við sálfræðiathuganir, mat, meðferð og ráðgjöf. Hefur einnig verið falin afmörkuð verkefni ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna og vinnur undir leiðsögn reyndari sálfræðings.
- 13** Sálfræðingur 3: Sinnir sama starfi og sálfræðingur 2. Hefur a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í faggreininni eða hefur verið falin umsjón með ákveðnu verkefni, ábyrgð eða stjórnun sem koma skal fram í starfslýsingu.
- 14 - 15** Sálfræðingur 4: Sinnir sama starfi og sálfræðingur 3. Sálfræðingur sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum og starfar þvert á stofnun. Hann hefur stefnumótandi áhrif á starf og stjórnun. Hefur færni til að þjálfa og handleiða aðra starfsmenn og nema.
- 16** Aðstoðaryfirsálfræðingur: Sálfræðingur sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til sálfræðings 4 og starfar jafnframt samkvæmt sérstakri starfslýsingu. Er staðgengill yfirsálfræðings.
- 18** Yfirsálfræðingur: Sálfræðingur sem hefur yfirumsjón með sálfélagslegri þjónustu og geðheilsuteymi HSN. Hann hefur þrípætta ábyrgð sem stjórnandi, ber faglega, starfsmanna og rekstrarlega ábyrgð á sálfélagslegri þjónustu á öllum starfstöðvum HSN. Hann ber ábyrgð á skipulagi og þróun sálfélagslegrar þjónustu og hefur handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum.

Vinna sálfræðings getur verið skipulögð á fleiri en einni starfsstöð. Grunnröðun í launaflokk er lágmarksröðun.

4. Persónubundnir þættir

Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

- Menntun, sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi

4.1 Viðbótarmenntun

4.1.1. Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi.

Við lágmarksröðun bætast álagsþrep vegna viðbótarmenntunar á háskólastigi, sem nýtist í starfi sem ekki er gerð krafa um, sem hér segir að lágmarki:

Diplómanám, 30 ECTS einingar	1 þrep
Diplómanám, 60 ECTS einingar	2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar	4 þrep
Doktorspróf	3 launaflokkar

Fyrstu 30 ECTS einingar í viðbótarnámi eru metnar til 1 þrepa hækkunar, eftir það eru hverjar 30 einingar metnar til 1 þrepa hækkunar.

- Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.
- Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 4 þrep, til viðbótar við röðun starfs fyrir diplóma- og meistaranám en 3 launaflokka fyrir doktorspróf.

4.1.2. Sérfræðiviðurkenning

Hafi sálfræðingur aflað sér viðurkenndra áfanga til sérfræðiviðurkenningar skv. reglugerð nr.1130/2012 skal meta það til hækkunar frá grunnröðun með eftirfarandi hætti:

- 100 kennslustundir eða 20 ECTS einingar og 20 handleiðslutímar: Hækkun um 1 þrep
- 200 kennslustundir eða 40 ECTS einingar og 40 handleiðslutímar: Hækkun um 1 þrep
- 300 kennslustundir eða 60 ECTS einingar og 60 handleiðslutímar: Hækkun um 1 þrep
- Sálfræðingur með sérfræðileyfi frá Landlækni hækkar um 1 launaflokk og 1 þrep

Mest er hægt að fá 1 launaflokk og 4 þrep fyrir 4.1.2.

Ekki skal tvítelja eða tvímeta nám eða námsstundir í lið 4.1.1. eða 4.1.2.

4.2 Fag- og starfsreynsla

Starfsreynsla er metin á eftirfarandi hátt:

- Sálfræðingur með 10 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Sálfræðingur með 15 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Sálfræðingur með 20 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep

4.3 Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási

Starfsmaður sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 4.1. til 4.2. umfram 8 álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan.

5. Tímabundnir þættir - Sérstök umbun

Heimilt er að greiða tímabundið sérstaka umbun, fjárhæð umfram föst mánaðarlaun, vegna sérstakra tímabundinna þátta svo sem aukins álags. Umbunin greiðist jafn lengi en ekki

lengur en áhrif umræddra tímabundinna þátta vara að hámarki 12 mánuðir. Tímabundið álag má greiða með því að bæta við launaflokkum, þrepum, með eingreiðslu að loknu verki eða tiltekinni upphæð á mánuði.

- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu nýrrar tækni, aðferða eða meðferðarúrreða.
- Tekur þátt í tímabundnu verkefni að beiðni framkvæmdastjórnar.
- Stafismaður stýrir tímabundnu samstarfi/teymisvinnu innan HSN og/eða með stofnunum utan HSN.
- Stýrir fastanefnd/fagráði hjá HSN að beiðni framkvæmdastjórnar.

6. Réttur til handleiðslu

Sálfræðingar 3 og yfir sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands skulu eiga rétt á allt að átta handleiðslutímum á ári utan stofnunar og á kostnað hennar.

7. Starfsmannasamtal

Árlega skulu yfirmenn bjóða undirmönnum sínum starfsmannasamtal. Þar gefst aðilum kostur á að ræða frammistöðu, starfsþróun, verkefnastöðu, starfsánægju, samskipti, aðbúnað, starfslýsingu og stjórnun.

8. Launaviðtal

Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári til að ræða launasetningu sína og kjör. Viðtalið skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að óskin hefur verið borin fram eða eftir nánara samkomulagið. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 8. gr. þessa stofnanasamnings.

9. Samstarfsnefnd og ágreiningsmál

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Samstarfsnefnd skal komið á fót við undirritun þessa samnings sem hefur það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamnings og yfirlýstrar stefnu stofnunarinnar hvað varðar fræðslu-, jafnréttis- og mannauðsmál. Samstarfsnefndin skal skipuð samkvæmt gr. 11 í kjarasamningi SÍ og aðildarfélaga BHM og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

10. Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. gr. 11.1.1 og gr. 11.1.3 í þeim samningi. Samningur þessi gildir frá 1. apríl 2021.

Akureyri 21. apríl 2021

F.h. Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

F.h. Sálfræðingafélags Íslands

Láan leubad Björnsdóttir
Dálmur J. P.
Guðrún Friðriksson.

Halheid Björnsdóttir
Leyf Vífarsson
Anna María Fimmacuð

Bókanir með stofnanasamningi Sálfræðingafélag Íslands og HSN

Bókun 1

Í kjölfar undirritunar stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra sálfræðinga á starfsstöðvum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar fyrir einstaka starfsmenn. Stefnt skal að því að þessari vinnu verði lokið fyrir 21. maí 2021.

Handwritten signatures and initials:
A large signature at the top right.
Below it, the initials "GF".
To the left of "GF", the initials "W" and "AMF".
To the right of "GF", the initials "AK".

Fylgiskjal 1

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun

Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun launaröðunar vegna viðbótarnáms eða starfsreynslu og skal beiðni þar að lútandi skilað skriflega til næsta yfirmanns. Eftirfarandi reglur varðandi slíkt endurmat skulu hafðar til viðmiðunar:

Kaflí 4.1

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum hækkar um 1 þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér formlegrar viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum hækkar um 2 þrep. Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.1 ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Meistarapróf – starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækkar sem nemur 4 þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.1 ber að meta svo, að launaflokkar og þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Kaflí 4.1 telst sjálfstæður og getur mest veitt 4 þrepa hækkun á grunnröðun.

Doktorspróf – starfsmaður með doktorspróf eða annað doktorspróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækkar sem nemur 3 launaflokkum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt kafla 4.1 ber að meta svo, að launaflokkar og þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Kaflí 4.1 telst sjálfstæður og getur mest veitt 3 launaflokka hækkun á grunnröðun.

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi gögn:

- Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.

- e) Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.
- f) Endurmat á nýrri launasetningu tekur gildi næstu mánaðarmótum eftir að námsgögnum hefur verið skilað inn og móttækin af yfirmanni.

pan
GF
W AMF A1 R